

255. Stjórnarfundur FEBRANG 20.1. 2025 kl. 13:30 í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru Jón Ragnar Björnsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Svavar Hauksson, Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir og Einar G. Magnússon. Margrét Guðjónsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdís Oddsdóttur að rita fundargerð og Svavar Hauksson að lesa fundargerð síðasta fundar.

1. Fundargerð fundar 254 frá 6.1. 2025. Lesin og samþykkt.
2. Aðalfundur 3.2.
 - a. Skýrsla stjórnar. Sigdís Oddsdóttir las skýrsluna og var hún samþykkt.
 - b. Farið yfir ársreikninga fyrir árið 2024. Stjórn er sammála um að ársreikningar komi vel út fyrir árið 2024. Gert er vel við félagsmenn með niðurgreiðslum á ýmsa viðburði.
 - c. Farið yfir dagskrá aðalfundar 3/2/2025. Finnur Egilsson gefur kost á sér sem formaður. Einar Grétar Magnússon og Svavar Hauksson gefa kost á sér til endurkjörs í aðalstjórn.
 - d. Rekstraráætlun. Farið yfir rekstraráætlun 2025.
 - e. Ályktun um heilbrigðisþjónustu.
Hvert á að beina henni?
Hvað á hún að innihalda?
Formaður gerir uppkast og sendir á stjórnarfólk til skoðunar.
3. Snjalltækjakennsla.
Ný stjórn mun sækja um styrki vegna kennsku á snjalltæki.
4. Næsti fundur 3.2. kl. 13:00.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi.

Formaður

Ritari